

Skólaráð Garðaskóla

Fundur 14. febrúar 2017 kl. 16-17 í stofu 215, Garðaskóla

Mættir: Berglind Rós Guðmundsdóttir, Brynhildur Sigurðardóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Gunnar Richardson, Helga Margrét Ólafsdóttir, Hildur Rudolfsdóttir, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir og Þorkell Jóhansson.

1. Fundargerð fyrri fundar samþykkt.
2. Fundaráætlun fyrir vorönn 2017. Fjórir fundir settir en fimmti fundurinn er settur með fyrirvara án dagsetningar ef þörf er á.
3. Umræða um tillögu að skóladagatali 2017-2018. Skiptar skoðanir og ólík sjónarmið hjá skólunum. Þörf á að veita umsögn á þessum fundi þar sem skólanefnd fundar á morgun, 15. Febrúar 2017.

Helstu áherslur frá skólastjórum – sjá greinargerð.

Leikskólarnir verða að byrja 2. janúar.

Hvað eru þið ánægð með – nemandi og foreldri að vetrarleyfi sé í heilu lagi, skiptar skoðanir en niðurstaða foreldrafélagsins stendur. Gott að hafa skólaslit 8. júní, hér áður fyrr var ekki talið gott að hafa skólaslit á föstudegi. Gunni fagnar hverjum þeim degi sem vinnuskólinn byrjar fyrr. Skólastjóri bendir á að skólinn hefur lent í vandræðum með að ná að skila inn einkunnum inn í framhaldsskólana þegar útskrift er síðar í júní.

Ánægja með skipulagsdag á eftir uppstigningardegi – er eins núna, nýtist vel fyrir marga.

Þorkell spyr hvort sambands ísl sveitafélaga gefi út viðmið fyrir vetrarleyfin? Það hefur komið til tals en sveitafélögin eru komin með sínar venjur og vilja ekki breyta. Umræða um að skrifa ályktun til að senda út í samfélagið um samræmd vetrarleyfi eins og annars staðar á Norðurlöndunum. Tekið fyrir á næsta fundi hjá skólaráði, ályktun líka send til bæjarráðs.

Brynhildur mun taka punktana saman og senda þá til skólanefndar.

Tillagan er samþykkt með ofangreindum atriðum.

4. Starfsáætlun Garðaskóla. Seint á ferðinni, lögum samkvæmt ber skólanum að gefa þetta út í upphafi skólaárs. Nýtum tækifærið til að tala um þær breytingar sem hafa átt sér stað á árinu, húsið er eins, grundvallaskipulagið í skólanum er eins.

Sérstakar athugasemdir:

-sundkennsla, ekki komið á hreint hvenær hægt verður að byrja að kenna sund aftur sem er til vandræða því það þarf að útskrifa nemendur með sundpróf. Skólastjórar Flataskóla

og Garðaskóla eru að vinna að ályktun um málið sem fer fyrir bæjarráð í þessari eða næstu viku.

Spurt hvort skólinn hafi áætlun til vara. Laugin mun opna einhverntíma á næsta ári. Hægt er að þjappa sundkennslunni saman á nokkrar vikur. BS vill ekki bara láta nemendur taka prófið. Skv. námskrá er sveigjanleiki um heildartímamagn í sundkennslu. Nemendur fá núna auka íþróttatíma á móti, sama námssviðið í Aðalnámskrá. Spurning hvort það standist að laugin sé tilbúin í nóvember eins og skipulagið segir til um.

Fjölgun á íþróttatengdum valgreinum – áhyggjur að við komum ekki öllum tímunum í Ásgarði. Valgreinar gætu fallið niður til að hliðra til fyrir íþróttir. Samtal við Stjórnuna um að ná að klára kennslustundina til kl. 15:20.

Sérstaklega fjallað um námsmátið í starfsáætlun, vegna breytinga í aðalnámskrá.

Menntamálaráðuneytið sendi út bréf til allra skóla og minnir á að allar greinar eiga að útskrifa skv. matsviðmiðum Aðalnámskrár og nota bókstafi en ekki tölur í einkunnagjöf. Ennþá þróunarstarf í gangi í skólanum.

Upplýsingaver og bókasafn: bókasafn er í bráðabirgðarhúsnæði og okkur vantar stofu 219 fyrir kennslustofu. Ekki boðlegt húsnæði. Komin fjárveiting fyrir breytingunni í sumar og hún er komin í hönnun. Nýtum tækifæri á að breyta kennsluháttum. Lego og forritun eru dæmi um nýjar greinar sem sýna aukna áherslu á nám í tæknitengdum greinum. Sérstakir stelpuhópar inn í þessa hópa næsta skólaár.

Fulltrúi nemenda bendir á að nauðsynlegt er að hafa vinnupláss til að geta unnið. Erfitt að hafa bara eitt borð inn á bókasafni. BS vill þetta nemendatöflurnar og minnka nemendahópa til að nýta betur plássið sem þegar er til staðar.

107 þarf að nýtast betur – eina stofan sem er illa nýtt. Mikið af dóti þar sem þarf að vera í friði, hanna fleka til að loka hana af til að geta kennt þar inn líka.

Spurning um skápana – stór 8. Bekkur, er nóg af skápum? 2 og 2 saman í skáp í 8. og 9. bekk gengur upp næsta ár. Vandamálið er frekar að þeir eru að liðast í sundur og margir ónýtir.

Ein spurning frá foreldra: umfjöllun um eineltismálin í starfsáætlun. Þar vantar umfjöllun og skólastjóri mun laga þetta áður en starfsáætlunin verður sett á vefinn.

Starfsáætlun var samþykkt með fyrirvara um þessar breytingar að ofan.

Önnur mál:

Stofa 107 – hringekjan og tónlistarskólinn. Í 500 nemenda skóla þarf meiri tónlist, allt annar bragur á skólanum ef við værum með öflugra tónlistarkennslu. Hringekjan tengir GS við tónlistarskólann. Gott við hana að krakkar með enga reynslu geta komið inn í hana og fundið sinn eigin tónlistarmann.

Sviðslistir eru skyldunámsgrein: með valinu (leiklist og hringekjan) erum við að uppfylla aðalnámskrá. Var meira þegar 7. bekkur var hér í skólanum.

Vantar að það sé sjálfssprottið hjá nemendum að sækja í aðstöðuna.

Erfitt hefur verið að finna tónlistarkennara og stjórnendur skóla og Garðalundar hafa rætt hvort þeir geti leyst þetta í sameiningu. Það væri áhugi fyrir kór ef það væri í boði.

Það verður eiginlega að vera einhver sem eignar sér tónlistarstofuna og sér til þess að það allt sé í lagi.

Umræða um lús í skólanum. Hjúkrunarfræðingur er duglegur að senda út pósta um málið ef þörf er á.

Fundi slitið kl. 17.00

Skólaráð Garðaskóla – Áætlaðir fundir 2016-2017

Fundartími: þriðjudagar kl. 16.00-17.30

1. fundur 3. janúar
2. fundur 14. febrúar
3. fundur 21. mars – með nemendaráði
4. fundur 25. apríl
5. fundur í maí ef þörf er á

Helstu verkefni Skólaráðs Garðaskóla 2016-2017

Samkvæmt reglugerð 1157/2008 um skólaráð við grunnskóla er hlutverk þess m.a.:

- að hafa yfirumsjón með starfi skólans og rekstri. Í þessu felst m.a. að fara yfir starfsáætlun og innra mat skólans.
- að skilgreina áherslur í starfi skólans og þróun hans
- að fjalla um öryggi og aðbúnað í skólanum
- að fjalla um skólabrag
- skólareglur og umgengni innan skólans
- að gefa umsagnir ef þess er óskað t.d. af skóladeild eða foreldrafélagi

Skólaárið 2016-2017 verða m.a. þessi verkefni á dagskrá:

- Innleiðing Aðalnámskrár
- Lestrarstefna skólans
- Forvarnarstefna
- Viðmiðunarstundaskrá
- Rammi um stundaskrá skólans
- Skápamál, ályktun
- o.m.fl.